

Starfsáætlun: Umsögn leikskóladeildar

Skólaárið 2024-2025

Leikskólinn Baugur

Tengsl við námskrá: Námskrá leikskólans er í vinnslu, stefnt er að útgáfu vor 2025. Hún er þó lifandi plagg og unnin í takt við starfsáætlunina með áherslur og stefnu leikskólans að leiðarljósi. Börn og starfsmenn geti verið í góðu og jákvæðu sambandi, leikurinn skapi tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, hlustað sé á börnin, þau fylgi fáum og skýrum reglum, þeim kennd sjálfstjórn og sjálfsaga, taki ábyrgð á eigin orðum og gjörðum.

Endurmat – umbótaáætlun: Mati á skólastarfinu eru gerð góð skil og umbótarþættir koma skýrt fram í starfsáætluninni. Matsteymi leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendum og starfsfólki. Mat er unnið jafnt og þétt yfir veturinn með formlegum og óformlegum hætti. Innra og ytra mat í Baugi er umbótamiðað og niðurstöður þess opinberar. Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Baugs eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra.

Þróunar- og nýbreytnistarf: Áframhaldandi þróun við innleiðingu hugmyndafræðinnar, Uppeldi til ábyrgðar, vinna að nýrri námskrá sem lifandi plaggi og útgáfu á rafrænu formi. Vinna áfram við að þróa vinnu sérkennsludeildarinnar, lausnar-teymisins og annarra nefnda sem starfa innan leikskólans.

Endur - og símenntunaráætlun: Áætlun skólans er skýr og tekið fram að starfsfólk fer á námskeið, fyrirlestra og námsferðir sem nýtast skólastarfinu. Skipulagsdagur eru jafnframt nýttir til símenntunar og námskeið á vegum Kópavogsbæjar. Mikilvægi sí- og endurmenntun fyrir starfsþróun og starfsánægju er ein að forsendum árangursríks skólastarfs.

Barnasáttmálinn – Heimsmarkmið: Stjórnendahópurinn óskar eftir því að setja markvissa innleiðingu réttindaskóla UNICEF á bið í vetur þó svo að unnið sé að Barnasáttmálanum og réttindum barna samhliða öllu starfi með stefnu leikskólans að fararbroddi.

Börn: Námsumhverfi barnanna er skapað með það að markmiði að börnin uppgötvu og læri með að prófa sig áfram, efla sjálfstæði þeirra, virkni, samskiptahæfni og byggja grunn að góðu samstarfi og vináttu. Áhersla er lögð á að hlustað sé á barnið af athygli, að getu þeirra og hæfni sé treyst til að efla eigin þekkingu og þau hvött til að nýta eigin hæfileika. Að í gegnum leikinn fái þau tækifæri til skapa, upplifa, læra og skilja umhverfi sitt og þróa gagnrýna hugsun og veganesti þeirra út í lífið sé byggt á eigin reynslu. Fjölbreytt, krefjandi og spennandi nám og verkefni sem unnin eru á forsendum barnanna.

Starfsmenn: Áhersla lögð á að starfsmenn séu góðar fyrirmyndir í allri framkomu gagnvart öðrum, það ríki gott andrúmsloft, öllum líði vel og hafi jákvætt viðhorf til starfsins. Leitast er við að hafa gott upplýsingarstreymi, skýrar vinnureglur og hvetjum kennara til að sýna ábyrgð, frumkvæði og að þeir láti ljós sitt skína. Unnið er eftir samskiptasáttmála

starfsmanna. Nýir starfsmenn fá afhent lesefni með ýmsum upplýsingum um starfið og hugmyndafræðina.

Foreldrar: Gott foreldrasamstarf leggur grunninn að góðri samvinnu og samskiptum, hefur jákvæð áhrif á leikskólastarfið í heild sinni, stuðlar að þátttöku foreldra í leikskólanum ásamt því að auka vellíðan barnanna. Áherslur virka vel, eru fjölbreyttar, góðar og stuðla að jákvæðum viðhorfum foreldra og starfsfólks.

Annað: Starf leikskólans einkennist af lifandi samfélagi sem er í stöðugri þróun með samvinnu og gleði að leiðarljósi.